**216. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Endurhæfingarhúsinu Hver að Suðurgötu 57, þriðjudaginn 19. desember 2023 og hófst hann kl. 15:15.**

**Fundinn sátu:**
Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

1. **2303108 - Mánaðayfirlit 2023**

Kristjana H. Ólafsdóttir kynnir fjárhagsstöðu málaflokka fyrstu 10 mánuði ársins 2023.

*Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Kristjönu H. Ólafsdóttur fyrir greinargóða kynningu.*

2. **2209282 - Samræmd móttaka flóttafólks**

Drög að nýjum samningi vegna samræmdrar móttöku flóttafólks lagður fram til kynningar og umræðu.

Sveitarfélög í samræmdri móttöku hafa fundað um framlögð drög ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og komið athugasemdum sínum á framfæri. Sjá má þær athugasemdir í samningsdrögum. Áætlað er að samningsdrög verði send á félags- og vinnumarkaðsráðuneytið mánudaginn 18. desember nk.

*Lagt fram til kynningar.*

3. **2004058 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða**

Gengið hefur verið frá samkomulagi um samstarf, milli Akraneskaupstaðar og Leigufélags aldraðra, vegna leiguíbúða á Dalbraut 6, fyrir 60 ára og eldri. Byggir samkomulagið á fyrra samkomulagi milli fyrrgreindra aðila um stofnframlag, dags. 5. febrúar 2021, til uppbyggingar á 31 íbúð með vísan til laga um almennar íbúðir nr. 52/2016.

Akraneskaupstaður fær 8 íbúðir til úthlutunar af þeim 31 íbúð/um sem eru í fjölbýlinu.

*Lagt fram til kynningar.*

4. **2205146 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging- framkvæmd verkefnisins**

Mál lagt fram til umræðu um næstu skref uppbyggingar í ljósi framlagðrar fjárhagsáætlunar.

KHS

*Áætlað er að uppbygging Samfélagsmiðstöðvar haldi áfram árið 2024 með útboði á byggingarrétti á Dalbraut 8. Þegar eru hafnar framkvæmdir við undirbúning lóðar. Ástand á byggingamarkaði getur haft áhrif á tímasetningu útboðs. Akraneskaupstaður mun í útboðinu gera ráð fyrir að kaupa jarðhæð byggingarinnnar, fyrir Samfélagsmiðstöð, sem hýsa mun Þorpið, Hver og Fjöliðjuna og mun söluverð byggingaréttar ganga til kaupa á þeim hluta hússins. Fjármagn hefur verið áætlað í verkið frá og með 2025 og gert er ráð fyrir að fá húsnæðið afhent til innréttingar 2026.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Kristinn H. Sveinsson
Einar Brandsson
Anita Eir Einarsdóttir